

# Myndmál

## Viðlíking:

- Einu líkt við annað með því að nota samanburðarorð.
  - Guðmundur er fimur eins og köttur.
  - Hann er sterkur líkt og naut.

## Myndhverfing:

- Einu líkt við annað án þess að nota samanburðarorð.
  - *Guðmundur er köttur sem fer um göturnar á handahlaupum.*

Grundvöllur líkingar (það sem er sameiginlegt með myndgjafa og myndþega): fimleiki, liðleiki annars vegar kattar og hins vegar Guðmundar.

- Myndþegi: Guðmundur
- Myndgjafi: Köttur

Myndhverfing er algeng í daglegu tali. Hún getur verið eitt orð eða heil setning.

- Fjallsöxl, borðfótur, kattþrifinn, bragðarefur. Þú ert sólin í lífi mínu.

## Persónugerving:

- Dauðum fyrirbærum lýst sem þau séu lifandi, þau eru **persónugerð**, gædd lífi, fá mannlega eiginleika.
  - Golan strýkur vanga.
  - Kuldinn bítur kinn.
  - Lækurinn hjalar.
  - Sólin brosir.
  - Bíllinn hikstar.
  - Þokan skríður, læðist
  - Fjallið faðmar
  - Blómið syngur

## Nýgerving:

- Þegar rökrétt líking helst í gegnum heilt ljóð (eða drjúgan hluta þess).

## Bein mynd:

- Einhverju sem fyrir augu ber er lýst eins og það birtist
  - Lítill fugl hefur gert sér hreiður í vorgrænu tré.

**Vísun:**

Með vísun skírskotar höfundur til einhvers utan síns verks, t.d. til þjóðsagna, annarra ljóða eða skáldsagna, Íslendingasagna, Biblíunnar eða annars. Til þess að skilja textann til fulls þurfa lesendur að þekkja til þeirra atriða sem vísað er til.

- Ég skal gæta hennar sem sjáaldurs auga míns (hér er vísað til V.Mós.10).
- „...en nú falla vötn öll til Dýrafjarðar” (hér er vísað til Gísla sögu Súrssonar).

**Tákn:**

Tákn er orð eða hlutur sem táknar annað en sjálft sig. Lesandinn skilur táknið vegna samhengis í textanum eða vegna almennrar þekkingar.

- Hefðbundin tákn hafa ákveðna merkingu, s.s. kross fyrir kristni, rauður litur fyrir ást o.fl.
- Náttúruleg tákn þar sem ýmis fyrirbæri náttúrunnar eiga sér samsvörun í mannlífinu. T.d. er hugtakið haust gjarnan notað um síðari hluta ævinnar, hjartað táknar ástina, heilinn skynsemina o.fl.
- Tákn geta einnig verið einstök fyrir ákveðið ljóð, tákn sem skáldið skapar sjálft í einu ljóði og er einstakt fyrir það.
- Táknsaga er frásögn þar sem táknmálinu er haldið frá upphafi til enda.

**Hugblær:**

Hugblær ljóðs tengist þeim tilfinningum sem ljóðið vekur hjá lesandanum. Til að finna hugblær ljóðs er t.d. hægt að spyrja eftirfarandi spurninga:

- Hvaða tilfinningu vekur ljóðið?
- Með hvernig raddblæ ætti að lesa ljóðið?